

- 144 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 145 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Afmælisgjöf styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. ágúst 1941.
7. ágúst
- Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælisgjöf styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði.

1. gr.

Heiti sjóðsins skal vera: Afmælisgjöf styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — króna gjöf frá Styrktarsjóði verzlunarmanna á Ísafirði til Háskóla Íslands. Sjóður þessi er gefinn til að minnast hálftrar aldar afmælis félagsins 29. nóvember 1940.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsmenn frá Ísafirði, er stunda nám við væntanlega viðskipta- eða verzlunarmáladeild Háskóla Íslands. Í lögum Styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði segir, að tilgangur félagsins sé m. a. að styrkja sameiginleg velferðarmál félagsmanna og að þeim tilgangi hyggist félagið m. a. að ná með því, að veita efnilegum félagsmönnum, eða þeim, er þeir hafa á framfæri sínu, styrk til náms, aðallega verzlunarnáms við frjálsa verzlunarskóla.

Félagið telur að óeðlileg höft, hvort sem þau eru af hálfu ríkisvaldsins eða annars, séu verzlun landsmanna og þar með þjóðinni til tjóns og vill í samræmi við anda laga sinna leggja áherzlu á, að fé þessu sé varið til styrktar námsmönnum, er með námi sínu hafa þann tilgang að gera sig hæfari einstaklinga til að efla frjálsa verzlun eða til að starfa að slíkri verzlun.

4. gr.

Fé sjóðsins skal vaxtað á hinn tryggilegasta hátt, annaðhvort á sama hátt og fé ófjárráða eða í skuldabréfum með ríkistryggingu.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum Háskóla Íslands og skal háskólaráð veita úr honum fé eftir tillögum stjórnar þeirrar deildar, er viðskipta- eða verzlunarmálanám heyrir undir. Þar til slík deild verður stofnuð, skulu vextir lagðir við höfuðstólinn.

6. gr.

Úr sjóðnum má veita árlega $\frac{3}{5}$ — þrjá fimmtu hluta — af vaxtatekjum hans. Svo er til ætlast að styrkur sá, er nemandanna er veittur úr sjóði þessum, verði, er stundir líða, það riflegur að nemandann muni verulega um hann. Fyrir því skal styrkur fyrst um sinn aðeins veittur einum nemandanna á ári, eða þar til upphæð sú, er veita má, nemur 1000 — eitt þúsund — krónum. Eftir það má veita fleiri nemendum styrk, en þó svo, að aldrei fái einn nemandi lægri styrk en 800 — átta hundruð — krónur á ári. Heimilt skal að auka sjóðinn með gjöfum eða á annan hátt.

145

7. ágúst

7. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta aðeins orðið þeir, er annaðhvort eru fæddir eða uppaldir á Ísafirði. Líði þó svo fimm ár, eftir að veita má úr sjóðnum, að enginn styrkhæfur nemandi frá Ísafirði stundi nám við háskólann, má veita um þriggja ára bil styrk nemandanna, sem fæddur er eða uppalinn í Ísafjarðarsýslum. Sé að þeim þremur árum liðnum enginn styrkhæfur nemandi frá Ísafirði við háskólann, skulu líða þrjú ár svo að ekki sé veitt úr sjóðnum, en að þeim tíma liðnum má á sama hátt veita styrk námsmanni frá Ísafjarðarsýslum, og svo áfram með þriggja ára millibili.

8. gr.

Standi sérstaklega á, svo sem að enginn styrkhæfur nemandi sé á þeim tíma í háskólanum eða að stjórn sjóðsins telji mjög æskilegt að styrkja til framhaldsnámsmann, er fæddur er eða uppalinn í Ísafirði eða Ísafjarðarsýslum og lokið hefur námi í viðskipta- eða verzlunarmáladeild háskólans, þá skal heimilt að veita slíkum manni styrk um 1—2 ára skeið til framhaldsnáms erlendis.

9. gr.

Leggist Háskóli Íslands niður sem sérstök stofnun eða verði deild, sem nám í viðskipta- eða verzlunarfræðum heyrir undir, ekki stofnuð fyrir árið 1965, eða verði slík deild lögð niður eftir að hafa starfað nokkuð, þá skal fé sjóðsins renna aftur til gefandans, Styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði, verði það félag enn starfandi. Verði félagið ekki þá til, skal bæjarstjórn Ísafjarðar ákveða hvernig vöxtum úr sjóðnum skuli varið til þess að styrkja námsmenn í verzlunarskólum á Íslandi eða erlendis, er búa sig undir sjálfstæð verzlunar- eða viðskiptastörf og skal, eftir því, sem við verður komið, farið eftir reglum þeim um styrkveitingar, er greindar hafa verið.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Árbók háskólans eða Stjórnartíðindum, ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.